



## **133. fundur Stúdentaráðs**

Miðvikudagurinn 1. apríl 2026 kl. 17:00

Fundarritari: Guðrún Lára Einarsdóttir, Viðburðastjóri SHA og ritari framkvæmdastjórnar.

Fundarstjóri: Aðalbjörn Jóhannsson, Forseti SHA og formaður stúdentaráðs

Mættir: Aðalbjörn Jóhannsson (Forseti), Rákel Rún Sigurðardóttir (Samskiptafulltrúi), Katla Ósk Káradóttir (Hagsmunafulltrúi), Heiðrún Hafdal (Rekstrarstjóri), Guðrún Lára Einarsdóttir (Viðburðastjóri) og Jóhannes Már Pétursson (Alþjóðafulltrúi) úr framkvæmdastjórn. Emma Rós Ingvarsdóttir (Þemis), Steinar Óli Sigfússon (Unit), Rebecca Lísbet Sharam (Stafnbúi), Sara Lind Sigurðardóttir (Reki), Pálmi Ragnarsson (Magister), Jónína Freyja Jónsdóttir (Kumpáni), Andrea Björg Hlynsdóttir (Eir), Svana Rún Austmar Aðalbjörnsdóttir (Umhverfisfulltrúi), Mars Baldursson (Jafnréttisfulltrúi), Aldís Mjöll Hlynsdóttir (Gæðafulltrúi)

Fundur settur kl. 17:11

# Dagskrá 133. fundar Stúdentaráðs

## 1. Ávarp forseta

Aðalbjörn setti fundinn og bauð nýtt stúdentaráð velkomið til starfa, ásamt því að kynna aðeins fyrirkomulagið.

## 2. Tilkynning fulltrúa og undirritun trúnaðaryfirlýsinga

Framkvæmdastjórn þarf að fá tilkynningu um fulltrúa félaga.

Stúdentaráð kynnti sig og námið sitt.

Þeir sem sitja í stúdentaráði og áttu eftir að skrifa undir trúnaðaryfirlýsingar, skrifuðu undir þær.

## 3. Skýrsla framkvæmdastjórnar

### a. Tilgangur og opnunartími réttindaskrifstofu

Skrifstofa stúdenta í D-húsi er ætluð til að sinna rekstri og flestum málum við SHA. Þangað er hægt að leita með réttindamál, hagsmunamál eða mál sem snúa að stúdentum sjálfum.

Framkvæmdastjórn rekur og heldur réttindaskrifstofu opinni, alla virka daga á milli 10:00-11:00 og 14:00-15:00. Þar fyrir utan er hægt að senda póst á sha@unak.is.

### b. Fundartími framkvæmdastjórnar

Framkvæmdastjórn hittist 1x í viku (fastur fundartími) - alla miðvikudaga klukkan 15:00

### c. Fundur framkvæmdastjórnar og rektors

Fundur framkvæmdastjórnar með rektor verður haldinn þriðja miðvikudag í mánuði klukkan 15:00.

### d. Aðstaðan í D-húsi

Aðstaðan kynnt.

Kynnt að aðildarfélög geta fengið afnot af skrifstofunni fyrir sína fundi. Á eftir að finna lausn á því hvernig hægt sé að bóka - hvort það sé hægt að bóka í gegnum stofupöntun eða eitthvað álíka.

Ímprað á að þetta er rými stúdenta.

### e. Samskipti við stjórnmalaflokka vegna sveitarstjórnarkosninga

Við viljum nýta tengingar við stjórnmalaflokka.

Farið verður í það að plana pallborð.

Einhver framboð vilja koma til okkar til þess að læra um stúdentafélagið og það sem við tölum fyrir.

Lagt til að aðildarfélög áframsendi pósta sem þau fá frá framboðum á framkvæmdastjórn - samþykkt af öllum sem sitja í stúdentaráði með handauppréttingu.

#### f. Skipan í nefndir og ráð

Það hefur gengið eins og í sögu að fá fulltrúa í nefndir og ráð.

Rakel Rún tók við og sagði hvaða aðildarfélög ættu eftir að manna í ákveðin ráð. Ef ekki verður búið að manna í allar nefndir og ráð verða forsetar/formenn þeirra aðildarfélaga settir í þær stöður.

#### g. Myndataka

Bara verið að láta vita að á næsta fundi (7.apríl) verður fundin tímasetning/dagsetningu fyrir myndatöku stúdentaráðs. Það verður hópmyndataka og einstaklingsmyndir.

#### h. Kynninganefnd

Kynninganefnd er, samkvæmt nýjum samþykktum, undir framkvæmdastjórn og er Aðalbjörn að halda utan um kynningarnefndina.

#### i. Rekstrarstjóri

Heiðrún, rekstrarstjóri SHA, kynnti hvað hún er búin að vera að gera hingað til.

#### j. Samskiptafulltrúi

Rakel, samskiptafulltrúi SHA, kynnti hvað starfið hennar felst í og kynnti svo hvað hún er búin að vera að gera hingað til.

#### k. Hagsmunafulltrúi

Katla, hagsmunafulltrúi SHA, kynnti hvað hún er búin að vera að gera hingað til.

#### l. Viðburðastjóri

Guðrún, viðburðastjóri SHA, kynnti hvað hún er búin að vera að gera hingað til.

#### m. Alþjóðafulltrúi

Jóhannes, alþjóðafulltrúi SHA, kynnti hvað hann er búin að vera að gera hingað til.

## 4. Skýrsla fulltrúa SHA í ráðum Háskólans á Akureyri

#### a. Gæðafulltrúi

Aldís Mjöll, gæðafulltrúi, sat sinn fyrsta gæðaráðsfund um daginn.

## b. Umhverfisfulltrúi

Svana Rún, umhverfisfulltrúi, var ekki með neinar nýjar fréttir.

## c. Jafnréttisfulltrúi

Mars Baldurs, jafnréttisfulltrúi, var ekki með neinar nýjar fréttir.

# 5. Skýrsla aðildarféлага

## a. Eir

Búið að taka stöðutékk á fyrsta fundi.

## b. Kumpáni

Allt og ekkert að gerast. Pælingar að hafa fyrsta viðburðinn 27. apríl (lokaprófa-studykvöld í skólanum). Búin að skrifa undir samstarfssamning við Leyni.

## c. Magister

Búið að halda einn fund. Lotuhittingar hjá meistaranámi á Leyni. Gekk vel.

## d. Reki

Ekkert að fréttastofa eins og er.

## e. Stafnbúi

Hanna Klara í kynningarnefnd. Annars ekkert að fréttastofa

## f. Unit

Búnir að halda tvo fundi. Ætla að vera með 2x lærikvöld eftir páska (fyrir lokapróf). Eru að skipuleggja próflokupartý 24.apríl í Skógarböðum. Þeir ætla að reyna að koma sér í samstarf við Centrum.

## g. Pemis

Búið að halda einn fund. Emma sendi, í samstarfi við framkvæmdastjórn, erindi á verkefnastjóra lagadeildar varðandi aðild að dönskum dómum.

# 6. Fundir stúdentaráðs

## a. Fundartími

Framkvæmdastjórn lagði til að fundir stúdentafélags yrðu haldnir fyrsta þriðjudag í mánuði (fyrir utan júlí mánuð) klukkan 17:00. Það var samþykkt.

## b. Næsti fundur stúdentaráðs

Næsti fundur stúdentaráðs verður haldinn 7. apríl. nk. Klukkan 17:00

## c. Þóknun fyrir fundarsetu

Fulltrúi sem mætir á stúdentaráðsfundi fær greitt 4.000kr fyrir hvern fund. Greiðslan er greidd út í lok skólaárs.

## d. Boðun fulltrúa

Fulltrúar stúdentaráðs eru alla jafna boðaðir á fund með minnst viku fyrirvara skv. samþykktum SHA. Fundarboð berst í gegnum TEAMS og tölvupóst. Fundargögn og fundardagskrá eru í möppu hvers fundar sem er inni á TEAMS svæði stúdentaráðs.

## e. Boðun varafulltrúa

Ef fulltrúar aðildarfélaga komast ekki á fund, þá er það þeirra að boða varafulltrúa sinn á stúdentaráðsfundi og sjá til þess að fundargögn berist. Eins gildir varðandi fulltrúa í nefndum og ráðum. Gott að láta Aðalbjörn vita.

## f. Fjarfundir

Það er í boði að fulltrúar mæti á stúdentaráðsfundi í gegnum fjarfundabúnað. Eina skilyrðið er að þeir geti verið 100% virkir aðilar á fundinum, ekki uppteknir af öðru á sama tíma.

## g. TEAMS

TEAMS er samskiptasvæði stúdentaráðs. Þar munu samskipti stúdentaráðs fara fram - þ.e.a.s. allt sem viðkemur stúdentaráðinu og okkar störfum, skal fara fram innan skilaboða á TEAMS.

Rafrænar atkvæðagreiðslur munu fara fram inni á TEAMS svæði félagsins.

Við munum fá Óskar í KHA til að kenna okkur almennilega á TEAMS

## h. Samskipti stúdentaráðs utan almenns fundartíma

Notast verður við TEAMS til þess að eiga samskipti utan almenns fundartíma varðandi málefni SHA. Samþykkt að nýta messenger-grúppu til þess að vekja athygli á efni inni á TEAMS eða varðandi hluti sem snúa ekki 100% að stúdentaráði.

## 7. Starfsáætlun - Lögð fram til kynningar

Kynnt að við þurfum að samþykkja starfsáætlun fyrir skólaárið 2026/2027 á fundi í júní.

Aðildarfélögin þurfa sjálf að skila frá sér starfsáætlun í síðasta lagi á fundinum í maí.

## 8. Fjárhagsáætlun - Lögð fram til kynningar

Aðildarfélög þurfa sjálf að skila frá sér fjárhagsáætlun í síðasta lagi á fundinum í júní.

## 9. Verklagsreglur - Lagðar fram til kynningar

Kynntar voru verklagsreglur almennt.

Verklagsreglurnar eru að finna á TEAMS svæðinu. Þar er hægt að gera breytingatillögur og skilja eftir athugasemdir.

## 10. Verklagsreglur um starfsemi framkvæmdastjórnar - Lagðar fram til umræðu og samþykktar

Verklagsreglur um Framkvæmdastjórn voru kynntar, yfirfarnar og loks samþykktar af stúdentaráði í heild.

## 11. Önnur mál

- a. Fundur með rekstrarstjóra varðandi aðstoð við fjárhagsáætlanir aðildarfélaga. Það er að sjálfsögðu í boði.
- b. Framkvæmdastjórn vill að aðildarfélögin og framkvæmdastjórn séu í góðu samstarfi og aðildarfélögin geta alltaf leitað til stjórnarinnar með öll mál.
- c. Við höldum áfram íþróttatímum annan hvern þriðjudag út þetta skólaár, tveir tímar eru eftir. Fundað verður svo seinna meir varðandi áframhaldandi íþróttatíma.

Fundi slitið: 18:37